



STRAUMHELLA 6, HAFNARFIRÐI

Tvílyft atvinnuhús – 8 eignarhlutar



Skilalýsing

4. maí 2023





Skilalýsing : Straumhelli 6

Byggingaraðili:	MótX ehf., kt. 6605052100 Hlíðarsmára 19, 201 Kópavogur
Aðalverktaki:	MótX ehf., kt. 660505-2100, Hlíðarsmára 19, 201 Kópavogur
Arkitekt:	Kristinn Ragnarsson/KRArk
Burðarþolshönnun:	NNE Verkfræðistofa
Lagnahönnun:	NNE Verkfræðistofa
Raflagnahönnun:	Voltorka ehf
Lóðahönnun:	Teiknistofan Storð – Hermann G. Gunnlaugsson

Almennt um Straumhelli 6

Almenn lýsing

Á lóðinni Straumhelli 6 Landeignarnúmer. L213350 í Hafnarfirði er fyrirhugað að reisa tvílyft atvinnuhús með 8 eignarhlutum. Á hverri hæði eru milligólf sem eru geymslurými.

Aðgengi að húsinu fyrir akandi og gangandi er frá Straumhelli.

Varðandi ýmis ákvæði byggingarreglugerðar er vísað í meðfylgjandi greinargerðar aðalhönnuðar.

Ef um er að ræða starfsemi sem er starfsleyfis skyld skv. lögum nr. 7/1998 um hollustu hætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, og eða lögum nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum, skal hafa samband við Heilbrigðiseftirlit.

Burðarvirki : Straumhelli 6

Burðarvirki

Sökklar, útveggir, berandi innveggir, eru úr forsteyptum einingum. Milliplötur eru úr filigran plötum með ásteypulagi.

Pakvirki

Þakið er borið upp með límtrésbitum og yleiningum frá Límtré Vírnet.





Klæðning

Húsið er byggt úr forsteyptum samlokueiningum með 70 mm forsteyptri veðurkápu sem er í ljósum lit

Gluggar og útihurðir : Straumhelli 6

Gluggar og útihurðir er verksmiðjuframleidd úr timbur og áli með tvöföldu K-gleri .

Innkeyrsluhurðir eru Ál-panel hurðar. Söluaðili er BM-Vallá

Loftræsting : Straumhelli 6

Húsið er loftað með náttúrulegri loftræstingu opnun glugga og hurða. Í aflokudum gluggalausum rýmum og kaffistofum verður vélræn loftræsting þar sem við á.

Handrið á stiga og milliloft : Straumhelli 6

Handrið eru úr málmprófilum. Handrið á stiga/tröppum er 110 sm með samfelldan handlista í 90 sm úr 50 mm stálröri eða sambærilegt. Fallvörn af lagerrýmum er handriði í 110 sm hæð.

Innanhúsfrágangur : Straumhelli 6

Allir léttir veggir eru gifsveggir úr blikkgrindum ,klæddir með gifsplötum.

Lagnir

Húsið er upphitað með hefðbundinni ofnalögn ofnum og með hitablásurum í stærri bilum. Neysluvatns og þrifalagnir eru lagðar að tengistöðum.. Varmaskiptir er notaður fyrir heitt neysluvatn og er hann staðsettur við inntak í húsið. Hitastig er hámark 60°C til 65°C.

Rafmagn

Töflur verða frágengnar bæði í lagnarými og sérrýmum. Ljós verða frágengin ásamt rofum og tenglum. Tenglarennna um 1m verður í rýmum sem kaupendur geta bætt við eftir þörfum.



Málning

Léttir veggir og milliloft verður málað í ljósum lit. Aðrir veggir og gólf verða með steypu áferð.

Gólf

Gólf verða véslípuð.

Frágangur wc og kaffistofu.

Á salerni verður salernisskál frágengin ásamt handlaug. Kaffistofa verður með skápum, borðplötu og skolvaski.

Snjóbræðsla

Snjóbræðsla er í gangstéttum fyrir framan hús og að auki í bílastæðum fyrir hreyfihamlaða. Notast er við frárennsli ofnakerfis við snjóbræðslu.

Sorp

Gert er ráð fyrir sorpgerðum við vestan og austan megin. Skolkranar eru staðsettir á útvegg sem næst lagnarými.

Lóðarfrágangur : Straumhelli 6

Lóð verður frágengin, bílastæði og aðkoma malbikuð.

ALLAR BREYTINGAR Á HÚSNÆÐINU OG EINSTAKA HLUTUM Í ÞESS, AÐ ÓSK KAUPANDA, ER Á HANS KOSTNAÐ OG GETUR HAFT ÁHRIF Á AFHENDINGARTÍMA TIL SEINKUNAR.

Byggingaraðili : MótX ehf.

Aðalverktaki: MótX ehf. (www.motx.is)

Allar upplýsingar eru með fyrirvara um innsláttarvillur.

